

**ÞÍ. Jarðaskjöl.**

**A/21, örkr nr. 15.**

**Bréf Guðmundar Hákonarsonar til Árna Daðasonar, 19. febrúar 1658.**

S(alutem)<sup>1</sup>

Eg vnderskrifadur Læt þann Heidursmann

Arna M. Dadason vita / Þad Pall minn

Pallsson a Märstóðum Bidur Hann Vijkia

sier vt til sijn / Þad fyrsta honum Henntugt

er / og Hafa med sier siin Blödtóku Tyge

Vale Skrifad 19. Febr: 58

Guðmundur Hakonarson

Eh

Eg læt og þann H. mann Arna Vita þad I öme  
hefur fyrer mig komid / ad honum hafe þott eg ecke ser

So gegna vmm – vj vætter Huals aff því Hualbr<o>

te a Nijstóðum I Vetur Rak. Enn mig minner

Eg honum so andsade / þær skylldu honum Vel kom

nar vera / og so skal enn / því þær eru þar til

: vmm Myndugleika Mäldagans / heyrer ódrum

enn ockur yferskoda og alyckta og Bijdur

þad siins Tijma. Enn þessar adurnefndar vj væ

tter huals ma hann sækia lata än Betalijngs:

Befala hann og hanz Gude.

Guðm<un>dur Hakonarson

Eh

[Utanáskrift:]

Þeim Heidurs manni Arna

Dada Syne I hönd

[Utanáskrift Árna varðandi bréfsefnið:]

vmm Nýstada reka 1658

---

<sup>1</sup> Úti á spássíu.